

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Snæfellsbæ.

Deiliskipulag íbúðarsvæðis á Hellissandi.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Snæfellsbæjar 11. janúar 2022, nýtt deiliskipulag fyrir íbúðarsvæði á Hellissandi. Um er að ræða nýtt deiliskipulag fyrir íbúðarsvæði ÍB-04 í aðalskipulagi Snæfellsbæjar 2015–2031 á Hellissandi, en ÍB-04 var stækkað og miðsvæði M-1 minnkað með óverulegri breytingu aðalskipulags. Á deiliskipulagssvæðinu er fyrirhugað að reisa fjögur einnar hæðar raðhús, hvert með þremur íbúðum. Lóðarstærðir miðjuhúsa eru 214-231 m² og á þeim mega hús verða allt að 90 m² að brúttógólfleti. Lóðarstærðir endahúsa eru 437-544 m² og á þeim mega hús verða allt að 140 fermetrar að brúttógólfleti.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast það þegar gildi.

Snæfellsbæ, 21. mars 2022.

Ragnar Már Ragnarsson forstöðumaður tæknideildar.

B-deild – Útgáfudagur: 4. apríl 2022